Reykjavíkurborg
Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2020
R20110241

Borgarráð

***Skautahöll í Laugardal***

Lagt er til að gerð verði ábatagreining á valkostum varðandi áframhaldandi samstarfi við ÍBR um rekstur Skautahallarinnar og stækkun hennar. Í kjölfarið verði tekin afstaða til mismunandi leiða og frekar samninga við ÍBR varðandi áframhaldandi rekstur og stækkun Skautahallarinnar í Laugardal.

***Greinargerð***

Á fundi borgarráðs 3. september 2020 var samþykkt að forgangsröðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja, sem fram kemur í skilabréfi stýrihóps um stefnu í íþróttamálum, verði höfð til hliðsjónar við undirbúning 10 ára fjárfestingaráætlunar Reykjavíkurborgar. Stækkun Skautahallarinnar í Laugardal var eitt þeirra verkefna sem raðaðist efst í forgangsröðinni. Eðlilegt er að greina mismunandi kosti varðandi fjárfestingu, rekstur og fjármögnun mögulegrar stækkunar áður en ákvarðanir eru teknar um næstu skref.

Dagur B. Eggertsson